

## Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

### Fucithalamic 10 mg/g, augndropar, dreifa fúsídínsýra

**Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.**

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins, lyfjafræðings eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækninn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

**Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:**

1. Upplýsingar um Fucithalamic og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Fucithalamic
3. Hvernig nota á Fucithalamic
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Fucithalamic
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

#### **1. Upplýsingar um Fucithalamic og við hverju það er notað**

- Fucithalamic er sýklalyf notað til meðferðar á sýkingum í augum.
- Til að byrja með kemur Fucithalamic í veg fyrir að bakteríur fjölgi sér, en smám saman verður það bakteríudrepani.

Þú skalt nota Fucithalamic við augnsýkingum ef sýkingin er af völdum sýkla sem eru næmir fyrir Fucithalamic.

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

#### **2. Áður en byrjað er að nota Fucithalamic**

##### **Ekki má nota Fucithalamic**

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

##### **Varnaðarorð og varúðarreglur**

Leitið ráða hjá læknum, lyfjafræðingi eða hjúkrunarfræðingnum áður en Fucithalamic er notað.

- Þú skalt ekki nota augnlinsur (hvorki harðar né mjúkar) ef þú ert með augnsýkingu. Fucithalamic inniheldur örkristalla sem geta rispað bæði augnlinsuna og hornhinnuna.
- Ef þú notar Fucithalamic of oft geta bakteríur myndað ónæmi.

### **Notkun annarra lyfja samhliða Fucithalmic**

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð, einnig þau sem fengin eru án lyfseðils.

Ef þú notar fleiri en eitt augnlyf skaltu bíða í u.þ.b. 5 mínútur milli þess sem þú setur Fucithalmic og önnur lyf í augað.

### **Meðganga og brjóstgjöf**

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

### **Meðganga**

Nota má Fucithalmic á meðgöngu.

### **Brjóstgjöf**

Konur sem hafa barn á brjósti mega nota Fucithalmic.

### **Akstur og notkun véla**

Fucithalmic hefur engin eða óveruleg áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla. Fucithalmic getur hins vegar valdið þokusýn strax eftir notkun. Ekki á að aka eða stjórna vélum fyrr en sjónin er aftur orðin skýr. Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

### **Fucithalmic inniheldur bensalkónklóríð**

*Fucithalmic augndropar í túpu*

Lyfið inniheldur 0,01% af bensalkónklóríði sem jafngildir 0,11 mg af bensalkónklóríði í hverju grammi af Fucithalmic augndropum í túpu.

Bensalkónklóríð getur sogast inn í mjúkar augnlinsur og breytt lit þeirra. Fjarlægja skal augnlinsurnar fyrir notkun lyfsins.

Bensalkónklóríð getur einnig valdið ertingu í auga, sérstaklega hjá þeim sem eru með augnþurrk eða sjúkdóm í hornhimnunni (í glæra laginu yst á auganu). Þeir sem finna fyrir óeðlilegri tilfinningu í auga, stingjum eða verk í auga eftir notkun lyfsins skulu ræða við lækinn.

Ekki nota augnlinsur (mjúkar eða harðar) ef þú ert með augnsýkingu.

## **3. Hvernig nota á Fucithalmic**

Notið lyfið alltaf eins og læknirinn eða lyfjafræðingur hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

### **Ráðlagður skammtur er (fullorðnir og börn)**

1 dropi í sýkt auga/augu tvisvar sinnum á sólarhring.

### **Notkunarleiðbeiningar**

Túpa:

- Dragið neðra augnlokið varlega niður og þrýstið einum dropa af Fucithalmic í neðra augnlokið án þess að stútur túpunnar snerti augað eða svæðið umhverfis það.
- Fucithalmic augndropar eru lítillaga seigfljótandi til að auðvelda gjöf þeirra í augu, en þegar þeir blandast söltum táravökva verða þeir tærir og þunnfljótandi á nokkrum sekúndum.

#### **Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um**

Hafðu samband við lækinn, sjúkrahús eða apótekið ef þú hefur notað meira Fucithalmic en mælt er fyrir um í þessum fylgiseðli eða lækirinn hefur ávísað og þú finnur fyrir vanlíðan. Hafðu umbúðirnar með þér.

#### **Ef gleymist að nota Fucithalmic**

Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að nota. Taka skal áfram venjulegan skammt.

#### **Ef hætt er að nota Fucithalmic**

Fylgið ráðleggingum læknisins varðandi lengd meðferðar. Ekki gera hlé á meðferðinni án samráðs við lækinn.

Leitið til læknisins, lyfjafræðings eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

## **4. Hugsanlegar aukaverkanir**

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

#### **Algengar (geta komið fram hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum)**

- þokusýn (skammvinn)
- verkur á íkomustað (þ.m.t. sviði og stingir í auga)
- kláði á íkomustað
- óþægindi/erting á íkomustað

#### **Sjaldgæfar (geta komið fram hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum)**

- ofnæmisviðbrögð (ofnæmi)
- þroti í augnloki (bjúgur)
- fljótandi augu (aukin tármyndun)
- þroti í andliti, vörum, tungu eða koki, stundum ásamt mæði eða kyngingarerfiðleikum (ofsabjúgur)
- húðútbrot

#### **Mjög sjaldgæfar (geta komið fram hjá allt að 1 af hverjum 1.000 einstaklingum)**

- versnun tárubólgu
- ofsakláði

#### **Aðrar aukaverkanir sem geta komið fyrir hjá börnum**

Aukaverkanamynstrið sem komið hefur fram er eins hjá börnum og fullorðnum.

#### **Tilkynning aukaverkana**

Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, [www.lyfjastofnun.is](http://www.lyfjastofnun.is). Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

## 5. Hvernig geyma á Fucithalmic

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Geymið við lægri hita en 30°C.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á öskjunni.

### **Fucithalmic túpa:**

Ekki nota Fucithalmic túpu lengur en í 4 vikur frá því að hún er opnuð.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

## 6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

### **Fucithalmic 10mg/g augndropar, dreifa í túpu inniheldur:**

Virka innihaldsefnið er fúsídínsýra. Önnur innihaldsefni eru bensalkónklóríð, karbómer, mannítól, dínatríumedetat, natríumhýdroxíð og vatn fyrir stungulyf.

### **Lýsing á útliti Fucithalmic og pakkningastærðir**

Túpa: 5 g

### **Markaðsleyfishafi og framleiðandi**

#### **Markaðsleyfishafi**

Amdipharm Limited  
Unit 17, Northwood House  
Northwood Crescent, Northwood  
Dublin 9  
D09 V504  
Írland

#### **Framleiðandi augndropa, dreifu í túpu**

LEO Laboratories Ltd.  
285 Cashel Road  
Dublin 12  
Írland

Cenexi HSC,  
2 Rue Louis Pasteur,  
Herouville St Clair, 14200,  
Frakklandi

**Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í september 2025.**